


**Erindi: FH Kaplakrika, kvörtun vegna ljósaskiltis á girðingu, umsögn.**

Þann 8. apríl 2015 samþykkti byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði markatöflu við knattspyrnuvöll FH í Kaplakrika. Í byggingarlýsingu segir:

**BYGGINGARLÝSING:**

MARKATAFLAN ER UPPLYST LED-TAFLA A HEITGALVANISERÐUM STALRAMMA, RAMMINN ER FESTUR A HEITGALVANHÚÐAÐA STALSÚLU SEM BOLTAST A STEYPTA UNDIRSTÖÐU. UNDIRSTÖÐUR ERU GRUNDADAR A KLÖPP RAFLAGNIR AÐ MARKATÖFLU LIGGJA Í JÖRÐU.



Á samþykktri grunmynd er skýrt að langhlið markatöflunar á að vera nánast samhliða Fjarðarhrauni og snúa upplýsingafleti að fótboltavellinum. Ekki kemur fram í umsókn né á uppdráttum að sú langhlið sem snýr að Fjarðarhrauni skuli nýtt.

Mæling á hæð og staðsetningu ljósaskiltis staðfestir að uppsetning og framkvæmdir við skiltið voru ekki í samræmi við útfærið byggingarleyfi (sjá meðfylgjandi mælingu).

Þann 16.11.2015 sendi byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar FH bréf þar sem athygli fimeikafélagsins var vakin á annarsvegar útgefnu byggingarleyfi frá 08.04.2015 og hinsvegar ábendingu lögreglunar á höfuðborgarsvæðinu varðandi m.a. blikk og ljósmagn skilta út frá umferðar- og öryggissjónarmiði.

- Ljóst er að skiltið var ekki reist í samræmi við útgefið byggingarleiði.
- Stjórn fimeikafélagsins hefur ekki brigðist við þeim ábendingum semfram koma í bréfi byggingarfulltrúa frá 16.11.2015.

Í 55. gr. Mannvirkjalaga nr. 160/2010 segir.

55. gr.

*Stöðvun framkvæmda, lokun mannvirkis o.fl.*

Ef byggingarleyfisskyld framkvæmd skv. 9. gr. er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ekki sótt um leyfi fyrir breyttri notkun mannvirkis, það byggt á annan hátt en leyfi stendur til, mannvirkið eða notkun þess brýtur í bága við skipulag, mannvirki er tekið í notkun án þess að öryggisúttekt hafi farið fram eða ef mannvirki er tekið til annarra nota en heimilt er samkvæmt útgefnu byggingarleyfi getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir eða notkun tafarlaust og fyrirskipað lokun mannvirkisins. Sama gildir ef ekki er að öðru leyti fylgt ákvæðum laganna eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim við byggingarframkvæmdina. Ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 9. gr. skal stöðvun framkvæmda og lokun mannvirkis vera í höndum Mannvirkjastofnunar.

Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún brýtur í bága við skipulag getur byggingarfulltrúi eða eftir atvikum Mannvirkjastofnun, ef mannvirkið fellur undir 3. mgr. 9. gr., krafist þess að hið ólöglega mannvirki eða byggingarhluti sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni eigandi ekki þeirri kröfu er heimilt að vinna slík verk á hans kostnað.

Reynist öryggi mannvirkis ábótavant við öryggis- eða lokaúttekt þess eða það telst skaðlegt heilsu skal útgefandi byggingarleyfis fyrirskipa lokun þess og koma í veg fyrir að mannvirkið verði tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og Mannvirkjastofnun við þær aðgerðir er greinir í 1.–3. mgr.

Sveitarfélag eða ríkið eftir atvikum á endurkröfu á eiganda mannvirkis vegna kostnaðar sem það hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og lögveð fyrir kröfu sinni í hinu ófullgerða mannvirki, byggingarefni og lóð sem um ræðir.

Því er lagt til að skipulags- og byggingarráð samþykki að gripið verði til ráðsstafranna í samræmi við heimildir í 55 gr. mannvirkjalaga 160/2010.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.